

Heimaþing 2. maí 2006

Íþróttadagur.

Krakkarnir nefndu hvað þeim hafi þótt best um íþróttadaginn. Hjólaferðin alveg frábær og margir sem tóku undir það og var alltaf verið að nefna hana aftur og aftur. Einnig var líka nefnt spjótkast, fótboldamót, fótbolli allan daginn og línuskautar. Það sem krökkunum fannst mest þörf á að breyta var: horfa á veðurspá, engan lærdóm, hafa daginn seinna á árinu, en þá er farið að hlýna meira og svo þarf að hafa stærri völl fyrir brennó og kíló.

Tjaldferð.

Áætlað er að fara í tveggja daga (ein nótt) tjaldferð í maí. Farið verður í Hjalladal sem er í Heiðmörk. Farið verður í byrjun skóladags og komið heim í lok skóladags daginn eftir. Það verður valkvæði hvort krakkarnir fari heim um nóttina eða sofa í tjöldunum. Einnig er foreldrum velkomið að gista með okkur.

Spurningar og uppástungur krakkanna:

Má velja um tjaldfélaga? Já (en einnig verður skipulagið að segja til um), má ráða hvenær verður farið að sofa? Nei (þetta er skólaferð á skólatíma), en má maður sofa út? Nei (enn og aftur þetta er skóladagur), verður klósett?, Já það er klósett og vatn á staðnum, verður hægt að veiða? Nei (þessi spurning kom oft), fara hjólandi upp í Heiðmörk, hafa allan tímann frjálstan, hafa mjög fjölbreytta dagskrá, ratleik í skóg, val á stöðvum, krakkarnir komi með leiktæki með sér t.d. krikket, hver á að koma með sinn mat, grilla sykurlúða.

Margar hendur voru á loft þegar lokað var á umræðuna en mikið var verið að spyrja um sama.

Væntingar til skólans í maí.

Frjáls tími í tölvum í lok maí, sveitarferð, smíði, litapema í bekk (t.d. allir að koma í einhverju bleiku eða bláu), búa til leikrit og sýna í stundinni okkar, vorhátíð (hoppkastala og leiktæki), dótadag, meiri matreiðslu, allur skólinn í sund, starfsfólkið taki líka þátt í litadegi, kennarar skipti um störf, ýmis námskeið (matreiðslu, fótbolta o.fl.). Mest kom upp að hafa dagana í maí á léttum nótum.